

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26.11.2015

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) við frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 228. mál.**

**Almennt:**

Með frumvarpinu er verið að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB, um réttindi sjúklunga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. ÖBÍ er samtök fatlaðs fólks, öryrkja, langveikra og aðstandenda þeirra. ÖBÍ eru m.a. aðilar að alþjóðlegum samtökum fatlaðs fólks. Ámáta samtök ÖBÍ í Evrópu hafa greint þrjár helstu áskoranirnar í samhengi við ofangreinda tilskipun:

1. Varðandi hvað það er sem telst til sambærilegs kostnaðar, einkum þegar ekki er hægt að njóta sömu/samsvarandi heilbrigðisþjónustu innan heimalands.
2. Hvernig skal fara með aukakostnað vegna ferða.
3. Hvernig skal standa að kynningu á þeim réttindum sem fylgja tilskipuninni.

Litið var m.a. til þessara þátta við ritun umsagnarinnar.

Einstaklingar innan félaga bandalagsins þurfa oft á sértækri þjónustu að halda og mikilvægt er að tryggja rétt þeirra. ÖBÍ er í ljósi þessa jákvætt gagnvart því að sjúkratryggðum einstaklingum sé gert kleift að sækja heilbrigðisþjónustu innan EES og að kostnaður skuli endurgreiddur af ríkinu.

Markmið og skylda hvers velferðarsamfélags er að tryggja sem besta heilbrigðisþjónustu og ljóst er að flestir sjúkratryggðir einstaklingar hér á landi munu sækja heilbrigðisþjónustu innanlands. Hér er tekið undir umsögn Læknafélags Íslands við sama frumvarp, að mikilvægast sé að tryggja greiðan aðgang að sem bestri heilbrigðisþjónustu hér á landi.

**Varðandi einstakar greinar frumvarpsins:**

**Varðandi 3. gr.**

Í 1. mgr. 3. gr. segir að kostnaður við heilbrigðisþjónustu skuli vera endurgreiddur í öðru aðildarríki EES-samningsins þegar þjónustan sé samsvarandi þeirri þjónustu sem sjúkratryggingar Íslands taka þátt í. Hér vakna nokkrar spurningar sem ekki er svarað í athugasemdum þeim sem fylgja frumvarpinu. Fyrst ber að geta þess að þegar um sértæka þjónustu er að ræða getur verið að hún sé alls ekki veitt hér á landi. Verði ákvæðið skýrt bókstafsskýringu nær það ekki utan um slík tilvik. Vætanlega er tilgangurinn sá að ná einnig utan um sértæka heilbrigðisþjónustu sem ekki er veitt hér á landi. Í slíkum tilvikum verður alltaf að vera ljóst hver kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga Íslands eigi að vera. Af frumvarpinu er ekki hægt að ráð með beinum hætti hvernig tekið verður á slíkum tilvikum.

Í sömu málsgrein er gert ráð fyrir því að kerfið byggi alfarið á endurgreiðslum. Slíkt kerfi getur valdið því að einstaklingar sem hafa miklar tekjur eða eignir eiga auðveldara að nýta sér rétt sinn til heilbrigðisþjónustu erlendis. Slíkt veldur mismunun á grundvelli efnahagsstöðu. Hægt er að koma til móts við þetta með því að heimila einstaklingum að fá fyrirfram greiðslur fyrir fyrirsjáanlegum útlögðum kostnaði. eins og þekkist í framkvæmd siglinganefndar.

Í þessu samhengi kemur fram að ekki er kveðið skýrt á um rétt til endurgreiðslna vegna aukakostnaðar. Ofangreind tilskipun heimilar ríkjum að greiða kostnað vegna ferða og annan aukakostnað sem hlýst af ferðalögunum. Verði þetta frumvarp óbreytt er ekki farin sú leið að tryggja greiðslur, til einstaklinga, vegna óhjákvæmilegs aukakostnaðar við slíkar ferðir. Má þar nefna fatlað fólk sem þarf á aðstoðarfólki að halda eða sértækum tækjabúnaði svo eitthvað sé nefnt. Það að ríkisvaldið hafi farið þá leið að tryggja þetta ekki með beinum hætti, í umræddum lagaákvæðum, felur í sér mismunun á grundvelli fötlunar. Þessu verður að breyta eigi frumvarpið að ná tilgangi sínum að fullu.

Í 2. mgr. segir beinlínis að ríkið ætli ekki að endurgreiða vegna þjónustu við athafnir daglegs lífs. Þessu þarf að breyta í samræmi við það sem sagt er hér að ofan.

Í 3. mgr. 3. gr. kemur fram kjarnaatriði frumvarpsins, það er að ráðherra sé heimilt að takmarka endurgreiðslu kostnaðar skv. 1. mgr. á grundvelli brýnna almannahagsmuna. Með þessu er einfaldlega verið að leggja til að ráðherra verði framselt vald til þess að kveða á um inntak réttarins til heilbrigðisþjónustu á milli EES landa. Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að ríki hafi, samkvæmt dómum Evrópudómstólsins, heimild til að líta til brýnna almannahagsmuna við skerðingar á rétti til heilbrigðisþjónustu á milli EES landa. Þó eru dómatilvísanir engar og umsagnaraðilum er því ekki gefið tækifæri á því að sannreyna umræddar fullyrðingar. Af þessum óljósu dómatilvísunum er þó einungis hægt að draga þá ályktun að *ríkin geti* takmarkað réttinn á grundvelli brýnna almannahagsmuna, hvergi kemur fram að dómstóllinn heimili *framkvæmdavaldi* að kveða á um takmarkanirnar. Þar með er sú ályktun sem frumvarpshöfundar draga, þ.e. að dómarnir heimili að takmarkanirnar á rétti sem löggjafinn setur *geti verið á hendi framkvæmdavaldsins* algerlega órökstuddar. Hér er annað hvort um það að ræða að ályktun frumvarpshöfunda sé röng eða þá að grundvöllur reglugerðarheimildarinnar sé illa rökstuddur. Þegar kemur að því að veita ráðherra heimildir til þess að takmarka lagalegan rétt verða rökin að vera sterk og skýr. Slík rök koma þar með ekki fram í texta laganna, athugasemdum með frumvarpinu eða með tilvísunum til dóma.

Einnig skal hér tekið fram að efnislegt inntak þessa frumvarps er mjög óljóst þar sem drög að umræddri reglugerð liggja ekki fyrir. Eins og áður segir verður efnislegt inntak laganna afmarkað í slíkri reglugerð. Forsendur umsagnarvinnu eru að sama skapi óljósar. Reglugerðarsetning sem þessi er afar vandmeðfarin enda mun hún fela í sér takmarkanir á endurgreiðslum. Við slíka reglugerðarsetningu er afar mikilvægt að leitað verði til hagsmunasamtaka sjúklinga og fatlaðs fólks. Innan ÖBÍ eru starfandi fimm fastir málefnaþópar og tveir þeirra koma að þessu máli með beinum hætti, þ.e. aðgengishópur og hópur um heilbrigðismál. Hægt er að leita til ÖBÍ til samráðs, í ljósi þessa leggjum við til að við ákvæðið að bætist setningin:

*„að fenginni umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks og langveikra.“*

#### **Varðandi 6. gr.**

Tekið er undir gagnrýni Lyfjafræðingafélags Íslands að skýra hefði mátt betur hvernig leiða ætti til lykta tækniatriði til þess að hægt væri að ná markmiði frumvarpsins.

ÖBÍ lýsir sig reiðubúið til þess að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða þetta mál, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

*Ellen Calmon*

---

*Ellen Calmon*

*formaður Öryrkjabandalags Íslands*